

Þá hefir umboðsmaður hinna stefndu í öðru lagi haldið því fram, að undir vottorð stefnuvotta um birting áfrýjunarstefnunnar vanti innsigli þeirra, og sé því vottorðið ógilt, og bresti þannig sönnun fyrir löglegri birtingu stefnunnar. En þar sem stefndu hafa látið mæta í málinu af sinni hálfu, verður eigi þessi vöntun innsigla undir birtingarvottorðið látin varða frávísun málsins.

Samkvæmt framansögðu verður krafa umboðsmanns hinna stefndu um frávísun málsins eigi tekin til greina, en hins vegar ber, samkvæmt varakröfu hans, að veita honum hæfilegan frest til andsvara um aðalefni málsins.

Því úrskurðast:

Frávísunarkrafa umboðsmanns hinna stefndu verður eigi tekin til greina, en honum ber að veita hæfilegan frest til andsvara um aðalefni málsins.

Nr. 1/1901.

Sýslumaður Magnús Torfason
 gegn
 amtmani Páli Briem.

Dómur:

Vorið 1892 tók stefndi Páll amtmaður Briem, er þá var sýslumaður í Rangárvallasýslu, við ábúð á Árbæ í Holtum og samdist þá 17. maí 1892 svo milli hans og eiganda jarðarinnar, ekkjunnar Helgu Sigurðardóttur, að hann tók til sín nokkur

jarðarhúsin, baðstofu, bæjardyr, búr og eldhús, fyrir ákveðið verð, 241 kr., og skyldi hann svara þessari upphæð þegar hann færi af jörðinni, annaðhvort í peningum, eða húsum eftir mati úttektarmanna, ef viðtakandi jarðarinnar skyldi óska þess. 1895, þegar stefndi var orðinn amtmaður, en áfrýjandinn sýslumaður í Rangárvallasýslu, gerði áfrýjandinn 29. júní kaupsamning við Helgu Sigurðardóttur um kaup á jörðinni Árbæ, og 2 dögum síðar, 1. júlí, gerði hann annan samning við stefnda um kaup á húsum þeim, er hann átti á jörðinni. Í kaupsamningnum við Helgu er hið selda talið jörðin Árbær ásamt kirkjunni þar og skuld hennar til seljanda, og segir þar ennfremur, að í kaupinu sé fjós og stofa undir baðstofulofti og alt annað tilheyrandi. Í kaupsamningnum við Pál amtmann er ákveðið, að kaupverðið fyrir húsin sé 3000 kr., og greiðist þær að helmingi fyrir 5. júlí 1896, en hinn helmingurinn með jöfnum afborgunum á 3 næstu árum með $4\frac{1}{2}\%$ vöxtum frá fardögum 1896, og skyldi kaupandi eiga heimting á að fá afsalsbréf fyrir húsunum, þegar hann hefði greitt hinar fyrstu 1500 kr.; 5. gr. samningsins er svo hljóðandi: »Seljandi er laus við að borga álag eða annað fyrir hús eða annað tilheyrandi jörðinni Árbæ, þegar hann hættir þar ábúð, sem hann er skyldur til og fri við í næstu fardögum; og loks segir í 7. gr., að mál út af kaupsamningnum skuli sótt og varið fyrir gestarétti Reykjavíkur. Hinn 4. júlí 1896 greiddi áfrýjandi stefnda upp í húsa-verðið 1259 kr. í peningum og sendi honum jafn-

framt kvittaðan fyrgreindan samning hans frá 17. maí 1892 við Helgu Sigurðardóttur, en kröfuna á hendur stefnda eftir þeim samningi að upphæð 241 kr. hafði áfrýjandi eignast með kaupunum á Árbæ 29. júní 1895, enda hafði Helga einnig framselt honum hana beinlins 15. sept. s. á. Ætlaðist áfrýjandi til þess, að með þessum 1259 kr. + 241 kr. væri greidd fyrsta afborgunin af húsaverðinu til stefnda, en stefndi vildi eigi taka þá greiðslu gilda að því 241 kr. snerti, með því að hann áleit, að hann væri með 5. gr. húsakaupasamningsins 1. júlí 1895 leystur frá að greiða jarðarhúsaandvirðið, 241 kr. Og með því að áfrýjandinn hvorki greiddi þessar 241 kr. á annan hátt né stóð í skilum með næstu afborganir af húsaverðinu, höfðaði stefndi mál þetta fyrir gestarétti Reykjavíkur, til þess að fá áfrýjanda dæmdan til að greiða sér áður nefndar 241 kr., svo og afborganir þær, er í gjalddaga voru fallnar af síðara helmingi húsaverðsins, 1000 kr., ásamt vöxtum. Áfrýjandinn krafðist, þess á hinn bóginn, að verða sýknaður í málinu annaðhvort algjörlega (pure) eða með því að synja fyrir með eidi, að hann hæfi vitað um samninginn 17. maí 1892, þegar húsakaupasamningurinn 1. júlí 1895 var gerður, og til vara, að fyrgreindar 241 kr. verði dregnar frá kröfu stefnda, og höfðaði hann gagnsök á hendur stefnda til að koma fram þessari varakröfu sinni. Svo krafðist hann og málskostnaðar. Var málið dæmt í gestaréttinum 19. desbr. 1899 þannig, að áfrýjandinn skyldi greiða stefnda 1000 kr. með vöxtum $4\frac{1}{2}\%$ frá 6. júní

1896 til stefnudags 10. maí 1899 og $5\frac{1}{2}\%$ þar eftir til borgunardags, en vera að öðru leyti sýkn af kröfum hans í málinu, ef hann eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu ynni þann eið, að honum hefði verið ókunnugt um samning Helgu Sigurðardóttur við stefnda, dags. 17. maí 1892, þegar hann undirskrifaði samninginn við stefnda 1. júlí 1895, og skyldi þá niður falla kostnaður í aðal- og gagnsökinni. En ynni áfrýjandi eigi svofeldan eið, skyldi hann ennfremur greiða stefnda 241 kr. með 5% vöxtum frá stefnudegi til borgunardags og 60 kr. í málskostnað.

Nefndum dómi, sem eigi sést hafa verið birtur málsaðilum af undirdómaranum samkv. tilsk. 15. ágúst 1832, 16. gr. og málsaðilar þó eigi trúfallið birtingu hans, hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 2. jan. þ. á., og hefir hann krafist þess fyrir yfirdóminum, fyrst og fremst, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnda, og þar næst, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða 683 kr. 37 a, en til vara, að kvittun hans á samninginn 17. maí 1892 verði tekin gild sem greiðsla upp í kaupverð húsanna á Árbæ, og loks, að sér verði dæmdur hæfilegur málskostnaður eftir mati réttarins. Hinn stefndi, amtnaður Páll Briem, hefir eigi mætt né látið mæta af sinni hálfu fyrir yfirdóminum, þótt honum sé löglega stefnt, og ber því að dæma málið eftir hinum framkomnu gögnum og skilríkjum samkv. N. L. 1--4--32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr.

Eins og áður er getið, var svo ákveðið í 5. gr.

húsakaupasamningsins 1. júlí 1895, að stefndi skyldi laus við að borga álag eða annað fyrir hús eða annað tilheyrandi jörðinni Árbæ, er hann hætti þar ábúð, en þessi orð eru svo víðtæk, að eftir orðanna hljóðan leystu þau stefnda frá að greiða andvirði hinna niðurlögðu jarðarhúsa samkvæmt samningnum 17. maí 1892, 241 kr., til áfrýjanda, sem með kaupunum á Árbæ var orðinn eigandi kröfunnar til þessa húsaandvirðis. En áfrýjandi hefir haldið því fram, að sér hafi, þegar samningurinn við stefnda 1. júlí 1895 var gerður, verið ókunnugt um þetta tilkall sitt til nefnds jarðarhúsaandvirðis eða um skyldu stefnda að greiða það, og hafi stefndi vísvitandi leynt sig þessum samningi frá 17. maí 1892, til þess að láta sig afsala sér kröfunni samkvæmt honum með fyrgreindri 5. gr. húsakaupasamningsins 1. júlí 1895, og þar sem stefndi þannig hafi beitt undirferli við tilorðning þessa samnings hafi hann fyrirgert öllum rétti sínum eftir honum, en hann (áfrýjandi) sé laus allra mála. Gegn neitun stefnda, sem hefir haldið því fram, að hann hafi skýrt áfrýjanda frá samningnum 17. maí 1892, er þeir sömdu um húsakaupin, og að 5. gr. samningsins 1. júlí 1895 hafi verið orðuð einmitt með tilliti til hans eða kröfunnar eftir honum, verður þó eigi álitid, að neitt það sé komið fram, er sanni, að stefndi hafi leynt áfrýjanda greindum samningi eða kröfu eða að hann hafi beitt undirferli við áfrýjanda í samningunum um húsakaupin, og skal það sérstaklega tekið fram, að engin sönnun í þessa átt felst í því, þótt vit-

undarvottarnir að húsakaupasamningnum 1. júlí 1895 hafi eigi heyrt semjendur minnast á jarðarhúsaandvirðið samkvæmt samningnum 17. maí 1892. En á hinn bóginn gaf orðalag 5. greinar í samningnum 1. júlí 1895 áfrýjanda fult tilefni til að ganga úr skugga um og fá skýrt tekið fram, við hvað átt var í þeirri grein, ef það var eigi jarðarhúsaandvirðið, umræddar 241 kr. Aðalkrafa áfrýjanda um að hann sé að öllu laus við samninginn 1. júlí 1895 fyrir undirferli af hálfu stefnda, verður því eigi tekin til greina.

Í öðru lagi hefir áfrýjandi haldið því fram, að stefndi hafi rofið samninginn 1. júlí 1895 með því að taka eigi kvittun fyrir kröfunni eftir samningnum 17. maí 1892, 241 kr., sem gilda borgun upp í húsaverðið og neita fyrir því að veita sér afsalsbréf fyrir húsunum, eins og hann hefði verið skyldur til, er 1. afborgun húsaverðsins væri lokið, og hefir áfrýjandi á þessari ástæðu viljað byggja það, að honum hafi verið heimilt að taka húsin sem landsdrottinn samkvæmt ábúdarlögnum, eftir mati úttektarmanna, er honum varð kunnugt um samningsrofið af hálfu stefnda, og krefst hann samkvæmt því að þurfa eigi að greiða frekara fyrir húsin en 683 kr. 37 a. En eins og áður er sagt, leysti 5. gr. samningsins 1. júlí 1895 eftir orðalagi sínu stefnda frá að greiða jarðarhúsaandvirðið, 241 kr., eftir samningnum 17. maí 1892, og það eru eigi í málinu af áfrýjandans hálfu færð næg rök fyrir því, að takmarka eigi þýðingu greinarinnar í þessu efni, frekara en orðin benda til. Stefndi

var því eigi skyldur til að taka gilda borgun þá, sem áfrýjandi bauð fram sem 1. afborgun húsa-verðsins og gefa áfrýjanda afsalsbréf fyrir húsunum að svo stöddu, og var þannig eigi í greindu tilliti um neitt sammingsrof að ræða af stefnda hendi. Þessi krafa áfrýjanda verður því heldur eigi til greina tekin.

Að því loks snertir varakröfu áfrýjandans, um að kvittun hans á samninginn 17. maí 1892 verði tekin gild upp í kaupverð húsanna, þá verður samkvæmt því er nú var tekið fram, að álíta, að téður samningur, eða krafan eftir honum, hafi fallið burt með 5. gr. sammingsins 1. júlí 1895, og gat því eigi verið um borgun til stefnda með henni að ræða. Verður því varakrafa áfrýjanda eigi tekin algerlega til greina; en þar sem málinu eigi er gagnáfrýjað af hálfu stefnda, verður að standa við ákvæði gestaréttardómsins, að því leyti þar er látið vera undir eiði áfrýjanda komið, hvort hann á að greiða þær 241 kr., sem stefndi hefir talið vangreiddar af 1. afborgun húsa-verðsins samkvæmt samningnum 1. júlí 1895.

Samkvæmt þessu ber því að staðfesta gestaréttardóminn að öllu leyti, einnig málskostnaðarákvæði hans. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Því dæmist rétt vera.

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður.
Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 2. desembermánaðar.

Nr. 37/1901.

Réttvísinn

gegn

Guðjóni Jens Jónssyni.

D ó m u r :

Með aukaréttardómi Ísafjardarkaupstaðar, gengnum 3. júlí þ. á. var hinn ákærði, húsmadur Guðjón Jens Jónsson, dæmdur fyrir brot gegn 102. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 í 50 kr. sekt til landssjóðs eða til vara í einfalt fangelsi í 15 daga, og til að greiða allan af málinu leiðandi kostnað, þar á meðal 5 kr. til talsmanns hans í héraði, Skúla sýslumanns Thoroddsens, en dómi þessum er að beiðni hins ákærða og fyrir hönd réttvísinnar skotið til yfirdómsins.

Hinum ákærða er gefið að sök, að hann ritaði og sendi bæjarfógetanum á Ísafirði bréf 29. desbr. f. á., að afloknum bæjarstjórnarfundum þann sama dag, þar sem næturvarðarstarfið í kaupstaðnum, sem ákærði hafði sótt um, hafði verið veitt öðrum manni, og segir ákærði í bréfinu, að »bæjarfógeti ásamt bæjarstjórninni« hafi neitað sér ástæðulaust um næturvarðarstarfið, með því að hann hafi átt langhelzt skilið að fá það »og fyrir áeggjan yðar (o: bæjarfógeta) sótti eg um það, sem aldeilis var óþarfi, þar eg vissi, hverjir voru í bæjarstjórninni